

25. Frumvarp

til laga um bókasöfn prestakalla.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Stofna má bókasöfn prestakalla á þann hátt, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Í bókasöfn prestakalla má einungis kaupa bækur guðfræðilegs og andlegs efnis, vandaðar fræðibækur almenns efnis og úrvals skáldrit.

3. gr.

Nú vill sóknarprestur stofna eða auka við bókasafn prestakalls síns. Skal hann þá fyrir júnilok ár hvert senda „bókanefnd prestakalla“ skrá yfir bækur þær, er hann óskar að fá í bókasafnið og greiða $\frac{1}{4}$ verðs þeirra innbundinna og flutningsgjalds fyrirfram.

4. gr.

Bókanefnd prestakalla skipa 3 menn: Tveir guðfræðingar, og einn til vara, kosnir af prestastefnu — synodus — til 3 ára í senn og einn maður, sem sérstaklega er kunnur að smekkvísi og þekkingu í almennum bókmenntum og dóms- og kirkjumálaráðuneytið skipar til jafnlangs tíma. Skal bókanefndin annast um útvegum bóka í bókasöfn prestakalla og dæma um hvort bækur, sem útvega á, fái fullnægt skilyrðum 2. greinar, og veita leiðbeiningar þar að lútandi.

5. gr.

Nú hefir bókanefnd borizt beiðni um útvegum bóka samkvæmt 3 gr. og kemur beiðnin eigi í bága við fyrirmæli 2. greinar laga þessara. Útvegar hún þá bækurnar, en ráðuneytið ávisar bókanefndinni, eða bóksala hennar, $\frac{3}{4}$ kostnaðar úr rikissjóði, gegn því að bækurnar verði eign bókasafns prestakallsins. Þó má ekkert ár verja meiru fé úr rikissjóði í þessu skyni en 10 þús. kr. samtals.

6. gr.

Nú bjóða prestar landsins eitthvert ár fram meira fé til bókasafna prestakalla, en nemi 3333 krónum samtals og sker bókanefnd þá úr, hvaða ritum skuli hafna eða fresta til næsta árs að útvega, svo að framlag rikissjóðs fari eigi fram úr því, sem áskilið er í 5. gr.

7. gr.

Um leið og bókanefnd sendir presti bækur til bókasafns prestakalls hans samkvæmt lögum þessum, sendir hún prófasti skrá yfir bækur þær, er bókasafninu þannig bætast. Ritar prófastur þá skrá inn í aðal-skrá, er honum ber að gera yfir bækur þær, sem til eru í hverju bókasafni prestakalls í prófastdæmi hans.

8. gr.

Þegar prestur hefir veitt móttöku bókum samkvæmt lögum þessum, skal hann rita á þær nafn prestakalls síns og skrásetja. Prófastur lög-gildir bók undir bókaskrá prestakalls og ber honum á skoðunarferðum sínum að hafa eftirlit með því, að bækurnar séu vel geymdar.

9. gr.

Bókasafn prestakalls skal geymt þar sem prestur situr, enda er safnið í ábyrgð hans.

Prófasti er skylt að sjá um að safnið sé vátryggt gegn eldsvoða og greiðist iðgjaldið af framlagi rikissjóðs.

Nú er prestakall prestslaust og gerir prófastur þá þær ráðstafanir, er þurfa þykir, til öryggis safninu.

Við prestaskifti skal fara fram úttekt á bókasafni prestakallsins og gerir prófastur þá fráfarandi presti að greiða bætur fyrir, ef á vantar og kenna má vangeymslu hans.

10. gr.

Nú er bókasafn prestakalls komið á stofn á prestsetrinu og má presturinn þá lána sóknarbörnum sínum bækur safnsins, er hann má án vera, enda er honum rétt að krefjast skaðabóta, ef bækur skemmast eða glatast. Og sérstaklega skal hann gera sér far um að benda ungmennum safnaða sinna á þær bækur safnsins, er hann hyggur vera þroska þeirra við hæfi og þeim fái að gagni komið til trúar- eða menningarþroska. Skylt er presti að gera útlánsskrá, er fylgir prestakallinu.

11. gr.

Sóknarprestur skal geta þess árlega í starfskýrslu sinni til biskups, hve mörg bindi eru í bókasafni prestakalls hans, ef til er. Svo og hve mörg bindi safninu hafa bætzt á árinu, og hve mörg bindi hafi verið í útlánunum.

Þegar prestakall er auglýst til umsóknar skal þess getið, hvort bóka-safn fylgi því og hve mikið.

12. gr.

Lög þessi ná eigi til þeirra kaupstaðarprestakalla, þar sem fyrir eru bókasöfn, er þegar njóta styrks úr rikissjóði.

Greinargerð.

Fáir munu neita því, að aðstaða presta með þjóð vorri, sé að mörgu leyti erfið. En fátt mun það vera, sem ungir prestar kvarta jafn almennt yfir sem bókaskorti. Flestir þeirra sitja þar, sem erfitt er eða ókleyft að njóta almennt bókasafna, sem að nokkru verulegu gagni komi, og launin svo lág, að nær ekkert verður aflögu til bókakaupa. Nú mun mega víða leita til að finna þá menn, er standi jafn einangraðir í andlegu starfi sem sumir íslenskir prestar. Getur þá vart hjá því farið, að andlegi áhuginn fari dofnandi með árunum og embættissvefninn sæki á, þegar einangrunin varnar öllum straumum og hræringum í andlegu lífi umheimsins, að ná til þeirra. En þannig mun eigi ósjaldan hafa farið um ýmsa þá, sem gengu með góðum vilja og heilum huga til starfsins. Ýmsir hinna áhugasamari presta hafa jafnan, er fjárhagur leyfði, reynt að fylgja þeirri reglu að verja $\frac{1}{12}$ launa sína til bókakaupa. En sú er reynsla þeirra að sú upphæð nægir tæplega til þess að geta fylgst með í hinu merkasta, sem ritað er um guðfræðileg og andleg efni, og hafa því hinar aðrar greinar bókmenntanna orðið að vera nær algerlega á hakanum og prestarnir orðið að mestu leyti að láta sér nægja þau rit, er fá má að láni í lestrafélögum sveitanna, þótt þau séu allvíða næsta ófullkomin, að öðru en nýjustu skemmtiritum.

En af ástæðum, sem öllum munu vera ljósar, eiga yngstu prestarnir þess alls eigi kost að verja $\frac{1}{12}$ launa sinna, eða jafnvel neinu, sem nemur, til annars en brýnustu nauðsynja heimilis síns. Er þó augljóst, að þá er þeim brýnust þörf góðra bóka, áður en einangrunin hefir sljófgað menntaáhugann, og er þeir auk erfiðrar lífsbaráttu, eiga margir í andlegri baráttu, þegar lærdómur þeirra og lífsskoðun eiga að standast próf lífsins. Það mun alloftast að mestu komið undir hinni andlegu aðstöðu prestsins einmitt hin fyrstu prestskaparár hans, hvort hann verður framvegis andlega vakandi leiðtogi, eða hann staðnæmist á þroskabraut sinni, svo að hann fær með hverju ári síður fullnægt þeim kröfum, sem gerðar eru til presta nú á tímum. Góður bókakostur er því hverjum presti andleg lífsnauðsyn.

Ekkert er þjóðinni skaðlegra en að húa svo í haginn fyrir menntamenn sína, er starfa eiga víðsvegar um byggðir landsins, að þeir „forpokist“ þegar á fyrstu árum. Virðist henni fátt nauðsynlegra en að tryggja starfshæfni embættismanna sinna, eftir því sem efni leyfa.

Með frumvarpi þessu er stofnað til þess skipulags, sem með tiltölulega litlum tilkostnaði, ætti að reynast með timanum mikilsvarðandi fyrir starfshæfni prestastéttar landsins.

Frumvarp þetta, sem og frumvarp um utanfarir presta miða hvorugt að því að tryggja efnalega aðstöðu þeirra, heldur aðstöðu þeirra til starfsins, svo að þeir fái orðið hæfari menn og gagnlegri hver í sínum verkahring.

Bókasöfn prestakallanna gætu með liðandi árum orðið einn hinn beztu styrkur prestastéttarinnar til að rækja störf sín þannig, að andlegu lífi þjóðarinnar verði fyllri styrkur að.

Jafnvel þótt betra skipulag komi á bókasöfn landsins en enn er orðið, má telja það víst, að fæst hinna almennu bókasafna gætu, að nokkrum verulegum mun, fullnægt þeirri þörf, sem bókasöfnum prestakalla er ætlað. Hins vegar gætu þau síðar, er almenn bókasöfn koma, verið þeim til styrktar og staðið í sambandi við þau.

Bókaþjóð, sem oss Íslendingum ætti að vera það metnaðarmál, að koma sem beztu skipulagi á um notkun bóka. Er ekki óviðeigandi að byrja þá viðleitni á prestssetrum landsins, sem mörg eru meðal hinna merkustu staða í bókmenntasögu þjóðarinnar.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.—2. gr.

Ætlast er til að bækur þær, sem keyptar verða til bókasafnanna, séu fyrst og fremst sérfræðirit handa guðfræðingum. En jafnframt verður að telja nauðsynlegt, að til safna þessara megi og kaupa vönduð, almenn fræðirit, t. d. í uppeldis- og félagsmálum og um heimspekileg og söguleg efni, svo og um þær stefnur og skoðanir, er ráðandi eru eða mestum umbrotum valda í hinum andlega heimi á hverjum tíma. Þá þykir og sjálfsagt, að til þessara bókasafna megi og kaupa önnur merkustu rit bókmenntanna, svo sem úrvalsskáldrit.

Um 3. gr.

Ætlast er til að það fari eftir menntaáhuga hvers einstaks prests hvort bókasafn kemst á í prestakalli hans samkvæmt lögum þessum. Fyrir því er honum gert að skyldu að sýna þann áhuga í verki með því að leggja sjálfur fram nokkurn hluta af verði hvernar bókar, sem keypt er til safnsins. Hins vegar þykir ekki sanngjarnt, að framlag prests nemi meiru en fjórðungi verðsins, þar sem oft má gera ráð fyrir, að presturinn geti á miðjum aldri flutzt burtu í annað prestakall, og tapar hann þá algerlega framlagi sínu.

Nauðsynlegt þykir að allar bækur safnanna séu keyptar innbundnar. Þar af leiðir að prestar verða sjálfir að kaupa guðfræðileg timarit, er koma út í heftum. Og þar sem þesskonar rit eru að jafnaði miðuð við liðandi stund, þykir síður ástæða til að kaupa þau til bókasafnanna.

Um 4. gr.

Ákvæðin um bókanefnd þykja nauðsynleg því til tryggingar, að vandað verði val bókana. En jafnframt er svo til ætlast, að bókanefndin fái komist að hagkvæmari viðskiptum um bókakaup, en hver einstakur prestur.

Þar sem ætlast er til að söfnin verði fyrst og fremst guðfræðibókasöfn og að til þeirra komi framlög frá prestum, þykir rétt að tveir nefndarmenn séu guðfræðingar kosnir af prestum. En jafnframt þykir sjálfsagt að ríkisvaldið eigi fulltrúa í slíkri nefnd og að sá fulltrúi sé kunnur að smekkvísi og þekkingu í almennum bókmenntum. Ætti kennarinn í bókmenntasögu við Háskólann að jafnaði að vera bezt kjörinn til þess starfs.

Eigi er ætlast til að bókanefnd fái þóknun fyrir störf sín.

Um 5.—6. gr.

Virðist eigi þurfa skýringa við.

Um 7.—9. gr.

Ákvæði þessi eiga að tryggja eftirlit og viðhald bókasafnanna.

Um 10. gr.

Ætlast er til að aðalnot safnaðanna af bókasöfnum þessum verði þau, að prestar þeirra fái betri aðstöðu til þess að verða menntaðri og hæfari leiðtogar. En jafnframt því er ætlast til, að prestar láni sóknarbörnum sínum, og þá sérstaklega *kennurum* prestakallsins, bækur úr safninu, er hann má án vera. Er og einkum til þess ætlast, að prestur geri sér far um að leiðbeina ungmönnum um val bóka og veiti þeim þannig stuðning til sjálfsnáms. Er þess þá vænt, að það starf prestsins verði ekki aðeins ungmönnum sjálfum til gagns og þroska er stundir liða, heldur og prestinum sjálfum einhver hin bezta hjáp til að ná andlegu sambandi vði sóknarbörn sín.

Um 11. gr.

Svo miklu máli skiptir það áhugasaman prest, hvort gott bókasafn fylgir prestakallinu eða ekki, að sjálfsagt þykir, að tekið sé fram um það þegar prestakall er auglýst til umsóknar. Og þar sem menntuðustu og beztu prestarnir leggja vitanlega mesta áherzlu á þetta atriði, er og með ákvæði þessu reynt að styðja að því að beztu söfnin haldist í höndum áhugasamra bóka-
manna, er láta þau að beztu gagni koma, sér og öðrum.

Um 12. gr.

Ekki þykir brýn ástæða til þess, að ákvæði frumvarps þessa nái til þeirra prastakalla í kaupstöðum, þar sem þegar eru vönduð bókasöfn, styrkt af ríkisfé.